

Nr. 22-083- S 059 Brynjólfur VE 3**Rekst utan í Geirfugladrang**

Skipaskr.nr. 1752
IMO nr. 8303410
Smíðaður: Akranesi 1987, stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 531 BT
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 39,8 m
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m
Vél: Berger Diesel 728 kW 1987
Fjöldi skipverja: 12



Brynjólfur ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Gögn LHG

Gögn Lögreglustjórinn í

Vestmannaeyjum

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. maí 2023 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 6. október 2022 var Brynjólfur VE 3 á siglingu á suðvesturmiðum á leið til Vestmannaeyja. Veður: N 10-12 m/s. Myrkur.

Kl. 20:50 varð skipstjóri var við að það grynnti hratt og beygði hann þá hart í stjórnborða ásamt því að minnka ferð. Þrátt fyrir aðgerðir skipstjóra rakst skipið utan í Geirfugladrang (sjá mynd 1).

Skipstjóri tilkynnti um atvikið til Landhelgisgæslu Íslands (LHG).

Áhöfnin fór og athugaði hvort leki væri kominn að skipinu en svo reyndist ekki vera.


Kl. 21:10 var ákveðið að halda siglingu áfram.



Mynd 1

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Þann 6. október var norðan átt 12-14 m/s. (sjá mynd 2)



Mynd 2

- Svarta myrkur var þegar atvikið átti sér stað.
- Skipstjóri tók við skipstjórn kl. 09:30.
- Skipstjóri taldi sig setja stefnuna suður fyrir Geirfugladrang en var með kortið stillt á of stóran skala þannig að Geirfugladrangur kom ekki inn.
- Samkvæmt ferilskrá LHG voru u.þ.b. 30 metrar í Geirfugladrang þegar skipið sigldi fyrir sunnan hann.
- Skipstjóri sagði að kæliviftur ratsjár væru háværar og af þeim sökum voru skipstjórnarmennirnir ekki vanir að hafa kveikt á henni öllum stundum.
- Skipstjóri sagðist ekki vera vanur að hafa kveikt á ratsjá væri hann á rúmsjó.
- Skipstjóri sagðist hafa verið að skoða veðurkort í skipstölvunni ásamt því að skipuleggja mönnun skipsins fyrir næstu veiðiferð þegar atvikið varð.
- Skipstjóri sagði að skrúfan hefði kúplast frá en ekki er hægt að fullyrða um það þar sem ekkert var skráð í vélardagbók skipsins.
- Við skoðun á skipinu þegar komið var til hafnar sást að rispúr voru á kinnungi og skrúfuhring.
- Ekki var starfandi öryggisnefnd né öryggisfulltrúi eins og reglugerð nr. 200/2007 kveður á um.

Nefndarálit:

Ástæða þess að Brynjólfur VE 3 tók niðri var að ekki var fylgst nægjanlega vel með siglingu skipsins.